

Endurvinnslustöð Hringrásar

Áhelli 1, Hafnarfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 22. júní 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hringrás ehf. um endurvinnslustöð að Áhelli 1 í Hafnarfirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.07 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, brunavarnarviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hringrás – Endurvinnslustöð, Áhelli 1, Hafnarfirði. Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar. Hringrás og Verkís. Júní 2023. Einnig fylgdi tilkynningu minnisblað um hljóðstig.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ dags. 25. ágúst 2023
- Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness dags. 15. ágúst 2023
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, brunavarnarviði dags. 2. ágúst 2023
- Landsneti dags. 25. júlí 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 1. ágúst 2023
- Umhverfisstofnun dags. 2. ágúst 2023

Hvorki bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands né Vegagerðinni.

Frekari upplýsingar bárust frá Hringrás dags. 20. nóvember 2023. Einnig bárust sjö fylgiskjöl með svörum. Þau eru:

- Fylgiskjal 1 Hringrás Áhelli 1, minnisblað, Ofanvatnshreinsun dags. 2. október 2023
- Fylgiskjal 2 Hringrás Áhelli 1, minnisblað, Hljóðvist-nágreppi Hringrásar dags. 5. október 2023
- Fylgiskjal 3 Hringrás Áhelli 1, fundargerð, UST fráveitumál-starfsleyfi dags. 24. október 2023
- Fylgiskjal 4 Hringrás Áhelli 1, minnisblað, viðbrögð við brunasvið HMS dags. 10. nóvember 2023
- Fylgiskjal 5 bréf til Heilbrigðiseftirlits vegna umsagnar dags. 12. október 2023
- Fylgiskjal 6 tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti, viðbrögð við bréfi dags. 7. nóvember 2023
- Fylgiskjal 7 Grænt bókhald 2022, Hringrás dags. 27. apríl 2023



3 Fyrirhuguð framkvæmd

Hringrás ehf. hyggst flytja starfsemi sína úr Sundahöfn í Reykjavík að Álhelli 1 í Hafnarfirði, þar sem áður var varaafstöð Landsvirkjunar. Starfsemi Hringrásar felst í söfnun, vinnslu og útflutningi á brotamálum og hjólbörðum. Félagið sinnir einnig sorphirðu fyrir fyrirtæki með áherslu á söfnun frá aðilum þar sem málmar falla til. Mikilvægustu efnisflokkar utan málma og hjólbarða eru bylgjupappi, plast og timbur sem eru fluttir út í gámum eða ráðstafað til viðurkenndra móttökuaðila. Lífrænn úrgangur er ekki unninn hjá félaginu en er losaður hjá Sorpu eða öðrum viðurkenndum aðilum. Spilliefni sem berast félaginu eru annað hvort send til Efnamóttökunnar eða Kólku til eyðingar.

Í greinargerð Hringrásar kemur fram að á árinu 2020 voru fluttir út 308 gámar af málmum og hjólbörðum. Stór hluti starfseminnar felst í móttöku á afskráðum bílum. Olía sé tæmd úr þeim og rafgeymar og hjólbarðar fjarlægðir. Nánar er gerð grein fyrir meðhöndlun helstu úrgangsflokka í greinargerð Hringrásar.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hringrásar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð Hringrásar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á nútímahrauni sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Hraunið á framkvæmdasvæðinu sé nú þegar að miklu leyti raskað vegna fyrri starfsemi og sama gildi um hraun á aðliggjandi lóðum. Gróft mat af loftmynd á röskun hrauns á stækkaðri lóð bendi til að upp undir 25% hraunsins, eða rúmur 1 hektari, geti enn verið lítt eða óraskað en verði raskað við framkvæmdirnar. Verndargildi hraunsins sé talið takmarkað á þessu svæði vegna starfsemi í næsta nágrenni og áhrif framkvæmda á jarðmyndanir metnar óverulegar.

Áhrif á vatnafar

Í greinargerð Hringrásar kemur fram að grunnvatnsstraumur liggi undir lóðina frá suðri og renni til hafs í Straumsvík. Jarðlögin á svæðinu séu mjög lek og mikið rigni á vatnasviðinu. Þarna sé því mikið rennsli grunnvatns á ferðinni sem eigi skamma leið eftir til sjávar. Við starfsemina berist spilliefni inn á lóðina m.a. með ökutækjum og vinnuvélum sem færð séu til endurvinnslu. Vökum, svo sem olíum og eldsneyti verði tappað af eldsneytisgeymum og vélum áður en ökutækin séu færð í tæta og safnað í þar til gerða tanka sem fluttir verði á spilliefnamóttöku. Öll starfsemi þar sem hætta er á að spilliefni leki út fari fram á steiptum plönum þar sem afrennsli verði safnað í fastefna- og olúgildirur. Allt afrennsli af lóð verði leitt í gegnum fastefna- og olúgildirur og þar sem ekki verða steipt plön verði yfirborð malbikað.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan grunnvatnshlotsins 104-265-G Straumsvíkurstraumur. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins sé að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfisstofnun bendir á að öll losun efna á lista I og II reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns sé leyfisskyld og háð skilyrðum. Ef þessi efni séu losuð í grunnvatn eða meðhöndluð á svæðinu í verulegu magni sé umsækjandi skyldur til að rannsaka áhrif beinnar losunar og möguleg áhrif óbeinnar losunar á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins. Miða skuli við losunarmörk í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og öðrum hlutaðeigandi reglugerðum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness er mælt til þess að gripið verði til frekari mótvægisáðgerða og bent á dæmi þess að útbúnar hafi



verði settjarnir í framhaldi af mengunarvarnarbúnaði til að fanga og vakta mengunarefni sem mögulega sleppi í gegnum mengunarvarnarbúnað.

Í svörum Hringrásar kemur fram að allt yfirborð lóðarinnar verði lokað, ýmist með steypu eða malbiki. Ofanvatn verði leitt í niðurföll og þaðan í gegnum sand-/fastefna- og olíuskiljur. Gert hafi verið ráð fyrir að frárennsli frá skiljum yrði leitt í púkkpúða og þaðan niður í jarðgrunninn og hinn mikla grunnvatnsstraum undir lóðinni sem á skamma vegalengd eftir niður að strönd við álverslóðina í Straumsvík. Búið sé að hanna stórt og afkastamikið kerfi af skiljum sem sé ætlað að tryggja nægilega hreinsun ofanvatnsins af öllum hlutum lóðarinnar áður en það væri leitt í púkkpúða. Tekið skal fram að ef tenging við fráveitukerfi sveitarfélagsins standi til boða útiloki hönnun kerfisins ekki að allt vatnið, eða a.m.k. sá hluti þess sem berist af svæðum með meiri hættu á mengun, geti verið tengt við fráveitukerfið. Í meðfylgjandi minnisblaði um ofanvatnshreinsun sé gerð ítarleg grein fyrir veitukerfinu og hvernig vatn af mismunandi svæðum verði leitt í gegnum skiljur. Til stendur að koma fyrir holum í jaðri lóðar, ofan- og neðanvert við grunnvatnsstreymi undir lóðinni, sem nýtist til vöktunar á starfstíma fyrirtækisins.

Áhrif á loftgæði

Í greinargerð Hringrásar kemur fram að úrgangur úr gámum frá fyrirtækjum verði flokkaður innandyra sem komi í veg fyrir fok efna um svæðið. Ekki sé búið við lyktarmengun frá starfsemi. Til að forðast rykmyndun frá tætarar sé úðað vatni á efnið áður en það verði tætt. Aftar í vinnslulínunni þar sem skilvindur séu notaðar til flokkunar á tættu efni í mismunandi efnisflokkum sé afsog tengt við pokasíuvirki. Samkvæmt skilgreiningu frá framleiðanda tætarar verði ryklosun með lofti úr pokasíunum minni en 5 mg/Nm³. Sunnan við flokkunarstöðina á austurjaðri lóðar, sé fyrirhugað að vera með viðarkurlun. Búast megi við að ryk myndist í slíkri starfsemi. Veggir sem settir verði upp til að afmarka efnishauga í fleiri en eitt brunahólf nýtist einnig til að vinna gegn foki efnisins. Þrátt fyrir mótvægisáðgerðir megi búast við einhverri rykmyndun frá starfsemi. Með tilliti til staðsetningar á iðnaðarsvæði með ýmsan annan iðnað í næsta nágrenni séu áhrifin metin óveruleg til nokkuð neikvæð.

Í umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er bent á að ekki sé gerð nægileg grein fyrir magni þeirra brennanlegra efna sem áætlað sé að geyma á svæðinu. Nauðsynlegt sé að gerð sé grein fyrir hversu miklu magni af dekkjáúrgangi og viðarkurli sé áætlað að verði lageruð á lóð fyrirtækisins. Einnig að gert sé grein fyrir þeim áhrifum sem brunni í áðurnefndum efnunum geti haft á loftgæði og mengun vegna slökkvivatns.

Í svörum Hringrásar og fylgiskjali um brunamál er lögð fram áætlun fyrir heildarmagn brennanlegra efna, dekkja og viðarkurli á lóðinni. Þar er einnig fjallað um, afstöðu lóðar Hringrásar miðað við næstu íbúðabyggð, fjarlægðir og ríkjandi vindáttir og hvaða kerfi taki við slökkvivatni eins og öðru afrennsli af lóðinni. Unnið verði áhættumat með tilliti til bruna og losun mengandi efna að Álhelli 1. Einstök hús á lóðinni verði brunahönnuð svo og lóðin í heild samkvæmt ákvæðum reglugerða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að athygli á að Evrópusambandið hafi gefið út BAT-niðurstöður fyrir umræddan iðnað og muni stofnunin vísa til þeirra þegar kemur að vinnslu starfsleyfis. Ljóst sé að töluverð loftmengun geti borist frá umræddri starfsemi og séu ítarlegar kröfur um hreinsun og mælingar settar fram í BAT-niðurstöðum.

Í svörum Hringrásar er bent á að Umhverfisstofnun tilgreini ekki hvort fyrirhugað fyrirkomulag sé í samræmi við BAT niðurstöður fyrir iðnaðinn en Hringrás telur að svo sé. Minnt er á að umrædd lóð er inni á iðnaðarsvæði með skilgreinda landnotkun B3 fyrir starfsemi svo sem malbikunarstöðvar, steypistöðvar, verkstæði og þungaiðnað, sem er sú starfsemi sem sé fyrir á svæðinu. Hringrás geri ráð fyrir að Umhverfisstofnun fari yfir og skilgreini nánar kröfur um hreinsun og vöktunarmælingar við vinnslu starfsleyfis.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness er bent á að gera þurfi frekari grein fyrir rykvörnum við viðarkurlara. Auk þess verði stóraukin



umferð þungaflutninga í gegnum Hafnarfjörð með tilheyrandi áhrifum. Þá þurfi mögulega að auka vöktun vegna aukins álags á loftgæði.

Í svörum Hringrásar kemur fram að málmtætarei sé útbúinn með stútum sem úði vatni á efnið til rykbindingar áður en það er tætt en vatnið gufi upp við tætingu vegna hitans sem myndist þar. Loft sé sogað af kerfinu í gegnum pokasíur sem uppfylli BAT-skilyrði hreinsunar. Hringrás hefur yfir að ráða færanlegum viðarkurlara sem hefur verið í notkun á svæði félagsins í Grindavík og svo í tímabundnum verkefnum víða um land. Talið er að hleðsluveggir á þrjá vegu til brunahólfunar, með opnun inn á miðja lóð og ýmist vegg eða girðingu og manir við lóðarmörk, eigi að teljast fullnægjandi fokvarnir. Gert er ráð fyrir um að meðaltali um 25 ferðir alla virka daga ársins. Ársdagsumferð á Strandgötu/Fjarðarbraut bendi til að umferð flutninga að höfninni á vegum Hringrásar gæti aukið ferðir um allt að 0,3% sem getur varla talist stóruáun. Vonir standi til að hægt verði að nota hafnaraðstöðu í Straumsvík innan fárra ára og þessi umferð flutningabíla að höfn utan iðnaðarsvæðis verði því eingöngu tímabundin.

Áhrif á hljóðvist

Í greinargerð Hringrásar kemur fram að fyrirhugað sé að reisa vegg á suðvestur lóðarmörkum við Álhellu 3, sem verði hæstur á móts við tætarasvæðið. Einnig sé gert ráð fyrir hljóðmön sunnan og austan við lóðina að Álhellu 1 sem muni draga úr hávaða utan lóðarmarka. Gert sé ráð fyrir að hljóðstig innan og utan lóðar verði mælt eftir að starfsemi hefjist og sett verði ákvæði í starfsleyfi um vöktun á hávaða. Reiknað hljóðstig sé innan viðmiðunarmarka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða, þ.e. 70 dB(A) við lóðarmörk að Álhellu 3 með tilkomu mótvægisáðgerða á formi hljóðveggjar. Hljóðstig innan hluta lóðar að Álhellu 1 verði yfir 70 dB(A) sem kalli á notkun persónuhlífa starfsmanna þegar tætarei og timburkurlari séu í gangi. Með uppsetningu á hljóðvegg á móts við tætarei á milli lóða Álhellu 1 og 3, auk lægri veggja á vestur og suðurjaðri lóðar og jarðvegsmana á suður og austurjaðrinum, séu áhrif starfseminnar á hljóðstig utan lóðar og innan iðnaðarsvæðisins talin nokkuð neikvæð.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness er bent á að gera þurfi grein fyrir samlegð með öðrum hávaðauppsprettum bæði frá eigin starfsemi og annarra í nágrenninu. Gera þarf grein fyrir hávaða af starfsemi Hringrásar á nærliggjandi íbúðabyggð.

Í svörum Hringrásar kemur fram að vegna athugasemda sem fram komu í umsögnum um fyrirspurnarskýrsluna hafi verið tekið saman nýtt minnisblað, sem sé ætlað að varpa frekara ljósi á samlegðaráhrif mismunandi útrása á hljóðstig og líkleg áhrif starfsemi Hringrásar á svæði fjær iðnaðarlóðinni. Þar kemur fram að stærstu útrásirnar hafi ráðandi áhrif í sínu næsta nágrenni og því skipti mestu máli að taka tillit til þeirra í útreikningum. Einnig skipti miklu máli að þegar fjallað sé um samanburð við viðmiðunarmörk að þau séu sett fram sem jafngildishljóðstig yfir ákveðið tímabil innan sólarhrings eða yfir heilan sólarhring. Í útreikningum á hljóðstigi vegna starfsemi Hringrásar hafi verið gert ráð fyrir að þeir þættir sem valda mestum hávaða séu allir samtímis í gangi og stöðugt allan tímann þegar í raun megi búast við að þeir verði einungis virkir hluta þeirra tímabila sem viðmiðunarmörk um jafngildishljóðstig eigi við. Samanburður á útreikningum á dreifingu hávaða frá Hringrás að íbúðarsvæðum í um 1,5 km fjarlægð, við hávaða vegna umferðar á Reykjanesbraut bendir til að hávaði frá umferðinni verði ráðandi á þeim svæðum. Þar að auki sé ýmis önnur starfsemi og umferð á minni götum þarna á milli og nær íbúðarsvæðunum sem muni einnig hafa áhrif á heildarhljóðstigið. Niðurstöðurnar benda til þess að hljóðstig vegna starfsemi Hringrásar verði innan viðmiðunarmarka reglugerðar, hvort sem um ræði aðstæður á iðnaðarsvæðinu eða á næsta íbúðarsvæði.



5 Skipulag og leyfi

Unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem og deiliskipulagi á svæðinu. Breytingarnar miða að því að heimila fyrirhugaða starfsemi Hringrásar að Álhelli 1. Ganga þarf úr skugga um að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag áður en kemur til leyfisveitinga. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. skipulagslögum og byggingarleyfi skv. lögum um mannvirki.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Samkvæmt sömu lögum og reglugerð þarf að afla starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti svæðisins vegna flutnings á spilliefnum. Þá er starfsemin háð áhættumati og brunahönnun skv. byggingareglugerð nr. 112/2012.

6 Niðurstaða

Um er að ræða flutning Hringrásar úr Sundahöfn í Reykjavík að Álhelli 1 í Hafnarfirði. En starfsemin felst í söfnun, vinnslu og útflutningi á brotamálmum og hjólbörðum, auk tengdrar starfsemi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.07 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði, hættu á stórslysum og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem sérstæðra jarðmyndana, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í móttöku og úrvinnslu ýmis konar úrgangs, einkum málma, hjólbarða og afskráðra bíla. Starfseminni er ætlað að breyta úrgangi í hráefni með aðgreiningu í margvíslega flokka. Starfsemin verður á iðnaðarsvæði á nútímahrauni á móts við álverið í Straumsvík. Á stærstum hluta svæðisins hefur hrauninu verið raskað en þó er nærri einum hektara af fjórum á lóð Hringrásar sem telst lítt eða óraskað. Skipulagsstofnun telur því að hraunið á lóð fyrirtækisins hafi glatað verndargildi sínu að verulegu leyti. Eftir ábendingar sem bárust í umsögnum Heilbrigðiseftirlits svæðisins og Umhverfisstofnunar hefur tilhögun fráveitumála verið endurskoðuð og afráðið að allt ofanvatn fari í gegnum umfangsmiklar sand-, fastefna- og olíuskiljur áður en að er leitt í púkkpúða og hripi þaðan niður í jarðgrunninn. Skipulagsstofnun telur að með þeim ráðstöfunum sé stórlega dregið úr líkum þess að grunnvatnshlotið á svæðinu spillist vegna mengunarefna frá Hringrás. Í gögnum Hringrásar hefur verið sýnt fram á að þegar háværa búaður starfseminnar er í gangi er hljóðstig neðan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða bæði á iðnaðarsvæðum sem og nálægustu íbúabyggð. Skipulagsstofnun telur að Hringrás hafi sýnt fram á að hljóðuppsprettur Hringrásar muni ekki hafa afgerandi neikvæð áhrif í för með sér fyrir næstu íbúa þar sem Reykjanesbraut er ráðandi hljóðuppspretta á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að starfsemi af því tagi sem Hringrás ráðgerir að starfrækja að Álhelli sé samfélagslega mikilvæg til að lágmarka úrgang sem fer til endanlegrar förgunar en beina honum



Þess í stað í endurvinnslu. Óhjákvæmilega kann slík starfsemi að hafa í för með sér mengun. Því er mjög brýnt að við starfsleyfisgerð verði útfært nánar hvernig starfseminni verði komið fyrir þannig að hætta á mengun verði í lágmarki. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að vakta þurfi áhrif starfseminnar á vatn, loftgæði og hljóðvist og sannreyna með því að áhrif starfseminnar verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í greinargerð Hringrásar. Starfsemi Hringrásar er fyrirhuguð á iðnaðarsvæði í um 1,5 km frá næstu íbúabyggð. Skipulagsstofnun telur að bein áhrif á næstu íbúa verði hverfandi. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hvort heldur sé litið til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar eða eiginleika hugsanlegra áhrifa starfseminnar þá sé ekki ástæða til að hún verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. janúar 2024.

Reykjavík, 11. desember 2023

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

